

Nd.

262. Frumvarp

til laga um kaup og útgerð tveggja strandferðabáta.

[Frá minni hluta strandferðanefndarinnar].

1. gr.

Stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd strandferðabátana »Austra« og »Vestra« fyrir samtals alt að 340,000 krónur.

2. gr.

Bátunum skal haldið úti á landssjóðs kostnað til strandferða í kringum landið, og sigla þeir eftir ferða-áætlun er stjórnin býr út með ráði alþingis. Þó býr stjórnarráðið út ferða-áætlunina fyrir sumarið 1913.

3. gr.

Stjórnin semji við afgreiðslumann í Reykjavík að annast um rekstur bátanna, hafa á hendi reikningshald og afgreiðslu í Reykjavík, leggja til hús til afgreiðslu, og útvega afgreiðslumenn úti um land, alt gegn þóknun er stjórnarráðið semur um.

Skal afgreiðslan í Reykjavík senda stjórnarráðinu mánaðarlega reikning yfir tekjur og gjöld útgjörðarinnar og sýna bækur sínar þar að lútandi, hvenær sem krafist er.

4. gr.

Stjórninni veitist heimild til að taka alt að 400,000 kr. lán til skipa-kaupanna, og reksturskostnaðar.

Ennfremur veitist henni heimild til að nota það af strandferðatillagi í núgildandi fjárlögum, er með þarf til útgerðar bátanna.

5. gr.

Takist stjórninni að semja við innlent eða erlent gufuskipafjelag, um hentugar strandferðir fyrir lok októbermánaðar næstkomandi, fellur heimild þessi niður.